



**Fundargerð**  
**Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar**  
**04.06.2015**  
**172. fundur**  
**sveitarstjórnar Pingeyjarsveitar**  
**haldinn í Kjarna fimmtudaginn 4. júní kl. 13:00**

**Fundinn sátu:**

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Arni Pétur Hilmarsson, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að bæta á dagskrá undir 11. lið; Leikskólinn Krílabær.  
*Samþykkt samhljóða.*

**Dagskrá:**

1. Starfsemi Pingeyjarskóla
2. Framkvæmdir við Pingeyjarskóla
3. Fundargerð Fræðslunefndar frá 01.06.2015
4. Ráðning verkefnisstjóra mótvægisáðgerða
5. Erindisbréf verkefnisstjóra vegna undirbúnings við lagningu ljósleiðara
6. Skipun í stýrihóp vegna ljósleiðaravæðingar
7. Nýtt rekstrarleyfi – Höfðabyggð E07
8. Nýtt rekstrarleyfi – Hólavegur 4
9. Nýtt rekstrarleyfi – Laugafell
10. Viðbót á rekstrarleyfi – Lautavegur 8
11. Leikskólinn Krílabær

**1. Starfsemi Pingeyjarskóla**

Til fundarins mætti Jóhann Rúnar Pálsson, verðandi skólastjóri Pingeyjarskóla og gerði sveitarstjórn grein fyrir sinni sýn á skólastarfið sem og skipulagi starfsins fyrir skólaárið 2015-2016. Gert er ráð fyrir 72 nemendum við grunnskóladeild Pingeyjarskóla á næsta skólaári. Lagt verður upp með teymisvinnu þar sem sex umsjónarhópum verður skipt í þrjú teymi sem verkefnastjórar leiða. Ekki verður aðstoðarskólastjóri við skólann heldur staðgengill skólastjóra.

*Sveitarstjórn þakkar Jóhanni Rúnari fyrir komuna og óskar honum velfarnaðar í starfi.*

**2. Framkvæmdir við Pingeyjarskóla**

Lagt fram yfirlitsblað kostnaðaráætlunar vegna endurbóta í Pingeyjarskóla á Hafralæk. Til fundarins mætti Bjarni Reykjalín skipulags- og byggingarfulltrúi og gerði grein fyrir kostnaðaráætlun og framkvæmdum. Jóhann Rúnar sat einnig fundinn undir þessum lið.

Heildarkostnaðaráætlun er samtals 37,5 m.kr.

*Sveitarstjórn samþykkir með fimm atkvæðum fulltrúa A-lista að farið verði í framkvæmdir við Pingeyjarskóla á Hafralæk að fjárhæð 37,5 m.kr. í samræmi við greinargerð skipulags- og byggingarfulltrúa. Fulltrúar T-listar sátu hjá.*

*Sveitarstjórn samþykkir með fimm atkvæðum fulltrúa A-lista, viðauka við fjárhagsáætlun 2015 vegna fjárfestingar í skólahúsnæði Pingeyjarskóla að fjárhæð 37,5 m.kr. sem verður mætt með skammtímaláni að fjárhæð 20 m.kr. og 17,5 m.kr. af áætlðu viðhaldfjá fasteigna samkvæmt fjárhagsáætlun. Fulltrúar T-lista sátu hjá og lögðu fram eftirfarandi bókun:*

*„Þessar breytingar á skólahaldi eru andstæðar stefnu T-lista í skólamálum, því sitjum*

*við hjá við afgreiðslu málsins.“*

**3. Fundargerð Fræðslunefndar frá 01.06.2015**

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 1. júní s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í sex liðum.

Varðandi 1. lið fundargerðar; Málefni leikskóla og vegna lóðar í Krílabæ þá samþykkir sveitarstjórn að láta hana og kostnaðarreikna endurbætur á lóðinni í haust með það í huga að hefja framkvæmdir við hana sumarið 2016.

*Samþykkt samhljóða.*

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.*

*Fulltrúar T-lista lögðu fram eftirfarandi bókun varðandi 3. lið fundargerðarinnar:*

*„Fulltrúar T-listar taka undir bókun Sigurlaugar í fundargerð Fræðslunefndar. Þar sem núverandi meirihluti sveitarstjórnar taldi nauðsynlegt að skipta út fráfarandi skólastjóra verður sú ráðstöfun nýs skólastjóra að ráða fyrrverandi skólastjóra í stjórnunarstöðu við Pingeyjarskóla án auglýsingar að teljast athugaverð.“*

*Fulltrúar A-lista lögðu fram eftirfarandi bókun:*

*„Fulltrúar A-lista benda á að starfsmannamál og mannráðningar einstakra starfsmanna stofnanna sveitarfélagsins eru ekki á forræði sveitarstjórnar. Fulltrúar A-lista lýsa yfir stuðningi sínum við störf Jóhanns Rúnars Pálsson við uppbyggingu Pingeyjarskóla.“*

**4. Ráðning verkefnisstjóra mótvægisáðgerða**

Samkvæmt fyrri samþykkt sveitarstjórnar um mótvægisáðgerðir vegna breytinga á starfsemi Pingeyjarskóla lagði oddviti fram eftirfarandi tillögu:

*„Að ráðinn verði verkefnisstjóri mótvægisáðgerða vegna skipulagsbreytinga á starfsemi Pingeyjarskóla með höfuðáherslu á framtíðarnotkun skólahúsnæðis Litlulaugaskóla. Starfshlutfall verði 50% og verkefnatíminn frá og með 15. júlí n.k. og út árið 2015“*

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða og felur sveitarstjóra að auglýsa starfið í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Pingeyinga.*

**5. Erindisbréf verkefnisstjóra vegna undirbúnings við lagningu ljósleiðara**

Lagt fram erindisbréf verkefnisstjóra vegna undirbúnings við lagningu ljósleiðara. Við verklok þann 1. september n.k. er verkefnisstjóra ætlað að skila fullbúnum gögnum og upplýsingum sem nota skal við útboðsvinnu vegna fyrirhugaðrar ljósleiðaravæðingar í sveitarfélaginu.

*Erindisbréfið samþykkt samhljóða.*

**6. Skipun í stýrihóp vegna ljósleiðaravæðingar**

Lagt til að skipa þrjú fulltrúa í stýrihóp vegna ljósleiðaravæðingar í sveitarfélaginu. Stýrihópin skipa Arni Pétur Hilmarsson og Eiður Jónsson, fulltrúar A-lista og Ari Teitsson, fulltrúi T-lista.

*Samþykkt samhljóða.*

**7. Nýtt rekstrarleyfi – Höfðabyggð E07**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 21. maí s.l. þar sem Jörundur Sveinn Torfason sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistingar í sumarbústað, Höfðabyggð E07 í Pingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.*

#### **8. Nýtt rekstrarleyfi – Hólavegur 4**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 21. maí s.l. þar sem Víðir Pétursson sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu heimagistingar að Hólavegi 4 í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.*

#### **9. Nýtt rekstrarleyfi – Laugafell**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 26. maí s.l. þar sem Guðrún Ólafsdóttir sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistingar í Laugafelli í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.*

#### **10. Viðbót á rekstrarleyfi – Lautavegur 8**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 29. maí s.l. þar sem Bryndís Pétursdóttir sækir um viðbót við fyrra rekstrarleyfi, heimagisting flokkur I, sækir nú um gististað flokkur III sem er gisting og veitingar, eldhús fyrir 10 manns að Lautarvegi 8 í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við viðbót á rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.*

#### **11. Leikskólinn Krílabær**

Leikskólinn Krílabær hefur undanfarin ár verið lokaður eftir hádegi í júnímánuði. Að gefnu tilefni var óskað eftir könnun meðal foreldra barna í Krílabæ um þörf fyrir fullri dagvistun í júní. Niðurstaða könnunar leiddi í ljós að foreldrar fimm barna hafa hug á að nýta dagsvistun eftir hádegi í júní.

*Sveitarstjórn samþykkir að mæta þörfum foreldra við Leikskólann Krílabæ ef mögulegt er að manna starfið með svo stuttum fyrirvara og felur deildarstjóra leikskóladeildar og skólastjóra Þingeyjarskóla að vinna að lausn mála.*

#### **Lagt fram til kynningar:**

Fundargerðir 172. og 173. fundar stjórnar HNE  
Fundargerðir stjórnar MMP frá 4.11.2014, 8.04.2015 og 8.05.2015  
Fundargerð aðalfundar MMP frá 8.05.2015  
Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2015-2026

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:51



## **Þingeyjarskóli**

Þingeyjarskóli í Þingeyjarsveit er samrekin leik- grunn- og tónlistarskóli. Undir stofnunina heyra grunn- og tónlistardeild á Hafralæk og leikskóladeildirnar Barnaborg og Krílabær. Nemendafjöldi er um 70 í grunnskóla og 30 í leikskóla.

**Við Þingeyjarskóla eru eftirtalin störf laus til umsóknar:  
Leikskólakennarastöður á Barnaborg og Krílabæ:**

fjórar stöður, á bilinu 50 - 100%.

**Matráður og þvottar á Krílabæ:** 75% staða

**Ræsting á Krílabæ:** u.þ.b. 50% staða

Umsækjendur þurfa að hafa faglegan metnað og góða samskiptafærni auk þess að vera skipulagðir, stundvísir, heilsuhausstir, jákvæðir, lausnamiðaðir, sveigjanlegir og hafa ánægju af því að vinna með börnum. Laun eru skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ.

Nánari upplýsingar veita:

Harpa Þ. Hólmgímsdóttir skólastjóri (S: 864-4310)

Jóhann Rúnar Pálsson (S: 899-0702)

Umsóknir óskast sendar til [harpa@thingeyjarskoli.is](mailto:harpa@thingeyjarskoli.is) eða [johannrunar@thingeyjarskoli.is](mailto:johannrunar@thingeyjarskoli.is)

Umsókninni skal fylgja yfirlit yfir nám og fyrri störf umsækjenda, leyfisbréf leikskólakennara eftir því sem við á og upplýsingar um þátttöku umsækjenda í verkefnum sem tengjast þeim störfum sem um ræðir.

Ráðið verður í stöðurnar frá og með 11. ágúst 2015.

**Umsóknarfrestur er til 23. júní 2015.**

## 17. júní hátíðarhöld á Laugum



Hátíðarhöldin fara fram á íþróttavellinum og í næsta nágrenni

Dagskrá:

Kl. 13.00 Andlitsmálun og blöðrusala í vallarhúsi

Kl. 13:45 Skrúðganga á íþróttavellinum

Dagskrá á vellinum

Ávarp fjallkonu

Hátíðarræða – Hanna Þórsteinsdóttir

Leikir og þrautir

Pylsur, svalar, gos og nammi til sölu

Kl. 15.30 Bíósýning í Þróttó – (ókeypis aðgangur)

ATH. Posi á staðnum.

**Mætum öll og skemmtum okkur saman.  
Umf. Efling**

## Hlaupastelpan

Kemur út á fimmtudögum.

Efni skal skila inn fyrir kl. 15:00 á þriðjudögum

Bjóðum upp á : Hálfsíðu kr 2900  
Heilsíðu kr. 3990



## Kvinnahlaup ÍSÍ.

Hlaupum frá Íþróttahúsinu á Laugum 13.júní kl: 10.00.  
Þáttökugjald er 1000.- fyrir 12 ára og yngri og 1.500.- fyrir eldri.

Innifalið er bolur, verðlaunapeningur og hressing.

Sundlaugin á Laugum býður svo öllum konum sem taka  
þátt í sund eftir hlaup.

Mætum hressar og njótum þess að vera saman.

Kvenfélag Reykdæla.



## Aðalfundur Skógræktarfélags Suður - Þingeyinga

verður haldinn í Safnasafninu, Gamla  
þinghúsinu, Svalbarðsströnd, mánudagskvöldið 15. júní og  
hefst kl. 20:00. Safnið skoðað, og skógarreiturrinn við hlið  
þess í lok fundar.

*Allir hjartanlega velkomnir*

Stjórnin



## Frá Bókasafni Aðaldæla.

Safnið verður opið á miðvikudagskvöldum  
kl. 20:30 – 22:30 til og með 1. júlí.  
(17. júní undanskilinn)

Sumarlokun er því frá og með 8. júlí til 19. ágúst.  
Með kveðju.  
Bókavörður.

# Akureyri 10.-13. júní 2015

## NÁMSKEIÐ

### Fimmtudagur 11. júní

1. **Söngur í Deiglnni**, kl. 10:00 - 12:00 (allir velkomnir)  
Íslensk og finnsk þjóðlög með Anna Fält og Guðrúnu Ingmundardóttur
2. **Hljóðfæri í Rósenborg**, kl. 10:00 - 12:00 (miðstígg)  
Danslög frá Svíþjóð og Íslandi með Drám og Benjamin Bech
3. **Hljóðfæri í Deiglnni**, kl. 14:00 - 16:00 (framhaldsstígg)  
Gítarleikur með Dylan Fowler
4. **Dans í Rósenborg**, kl. 14:00 - 16:00 (allir velkomnir)  
Írskir og Íslenskir þjóðdansar með Vefaranum og O'Shea-Ryan dönsurunum

### Föstudagur 12. júní

5. **Söngur í Deiglnni**, kl. 10:00 - 12:00 (allir velkomnir)  
Tvisöngvar, ensk og keltnesk þjóðlög með Funa og Gillebríde MacMillan
6. **Hljóðfæri í Rósenborg**, kl. 10:00 - 12:00 (grunn- og miðstígg)  
Þjóðlög frá Skotlandi og Hjaltlandseyjum með Wendy Stewart og Wilmu Young
7. **Handíðir í Mjólkurbúðinni í Listagilinu**, kl. 10:00 - 12:00  
Lausavasi með blómstursauml með Höddu
8. **Handíðir í Mjólkurbúðinni í Listagilinu**, kl. 14:00 - 16:00  
Hálsmen úr horni með Guðrúnu Steingrimsdóttur
9. **Dans í Rósenborg**, kl. 14:00 - 16:00 (allir velkomnir)  
Þjóðdansar Íslands og Danmerkur með Sportnu og dönskum dönsurum

### Laugardagur 13. júní

10. **Söngur í Deiglnni**, kl. 10:00 - 12:00 (allir velkomnir)  
Uppáhaldskvæðalög Gefjunar og Rimu
11. **Hljóðfæri í Rósenborg**, kl. 10:00 - 12:00 (allir velkomnir)  
Helmur hljóðanna kannaður með Gillian Stevens og Erni Magnússyni

**Hátíðarmiðstöðin opnar í Deiglnni 8. júní kl. 9:30**  
Opnunartími: 8. - 13. júní, kl. 9:30 - 18:30 og 14. júní kl. 11:00 - 16:00

**Frábært þjóðlistafólk víða að úr veröldinni**



[www.vakafolk.is](http://www.vakafolk.is)



# Vaka Þjóðlistahátíð á

## VIÐBURÐIR

### Mánudagur 8. Júní

Handiðasýning opnar í Deigluinni, kl. 12:00  
Konur sýna verk unnin út frá Þjóðmenningu Íslands

### Miðvikudagur 10. Júní

Kvöldvaka í Deigluinni, kl. 20:00 - 23:30  
Fyrir elgendur hátíðarkorta, listamenn Vöku og skipuleggjendur

### Fimmtudagur 11. Júní

Hádegisdjamm á Goya Tapasbar, kl. 12:30 - 13:30  
Vettvangur þar sem fólk getur komið saman til að spila og syngja  
Tónlistarmenn Vöku leiða skemmtunina

Síðdegistónar í Deigluinni, kl. 17:00 - 18:30

Kvöldtónleikar á Græna hattinum, kl. 20:00 - 00:00

Kaffitónleikar á Sel-Hótel Mývatn, kl. 16:00 - 17:00

Kvöldtónleikar á Sjóminjasafninu á Húsavík, kl. 20:00 - 21:30

### Föstudagur 12. Júní

Hádegisdjamm á Amtsbókasafninu, kl. 12:30 - 13:30

Málþing í Deigluinni: Þjóðlistir og menntun, kl. 13:30 - 16:30

Síðdegistónar við opnun Listasumars, kl. 17:00 - 18:30

Kvöldtónleikar á Græna hattinum, kl. 20:00 - 00:00

### Laugardagur 13. Júní

Hádegisdjamm á Kaffi Ilmi í Hafnarstræti, kl. 12:30 - 13:30

Kveðið af Króka-Ref í Deigluinni, kl. 14:30 - 16:30  
Kvæðamenn kveða Króka-Refs rimur Hallgríms Péturssonar

Síðdegistónar í Deigluinni, kl. 17:00 - 18:30

Cellidh (keili) - lokahóf í Sjallanum, kl. 20:00 - 01:00  
Danssýningar, tónlistaratriði, söngur og almennur dans



Sundlaug og grill kl. 11:00 - 22:00

Afgreiðslan opin til 24:00  
Sundlaug - tjaldstæði – gisting  
Veiðileyfi í Langavatn og Kringluvatn  
Fjölbreyttar veitingar  
sími 464 3903  
www.heidarbaer.is  
Seljum Veiðikortið og Útilegukortið

## KAFFIHLAÐBORD

Okkar árlega Blómakaffi verður haldið  
laugardaginn 13. júní í  
félagsheimilinu Heiðarbæ Reykjahverfi  
Kl. 14:30-17:00

Verð kr. 1800 fyrir fullorðna.  
Kr. 800 fyrir 7-12 ára.  
Frítt fyrir 6 ára og yngri.

Verið hjartanlega velkomin.  
Kvenfélag Reykjahrepps





## HÓTEL GÍGUR

### MÝVATNSSVEITIN ER ÆÐI

Laugardaginn 13. júní bjóðum við heim og viljum sýna uppgerða hótelið okkar.

Verið hjartanlega velkomin!

Heitt á könnunni milli 14.00-16.00.

Það er alltaf opið fyrir ykkur á Hótel Gíg og við þurfum ekki að sjá vegabréfið ykkar.

#### Sýnishorn af matseðli / From a menu

**Reyktur silungur á ristuðu brauði með sýrðum fennel, rækjum og kviardressingu**  
Smoked trout on a toast with pickled fennel, prawns and garlic dressing

**Nautalund með steiktu smálki, steiktum sveppum og rósmarinsósu**  
Beef tenderloin with baby potatoes, fried mushrooms and rosemary sauce

**Rabarbara crumble með bláberjas**  
Rhubarb crumble with blueberry ice-cream

 **Happy hour** milli 16 og 18

Frábær gistinguboð á [www.keahotels.is](http://www.keahotels.is)



Bókanir | síma 464 4455 | [gigur@keahotels.is](mailto:gigur@keahotels.is) | [www.keahotels.is](http://www.keahotels.is)

23.tbl.  
11. júní  
2015  
22. árg.

## Hlaupastelpan

[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is), s:4643366/gsm:8953386



## Grenjaðarstaðarkirkja 150 ára

Messa og kirkjukaffi næstkomandi sunnudag

14. júní verður þess minnst að 150 ár eru liðin síðan Grenjaðarstaðarkirkja var reist. Af því tilefni verður messa á Grenjaðarstað klukkan 14:00.

Hólabiskup predikar. Að athöfn lokinni býður sóknarnefnd í kirkjukaffi að Ýdöllum.

Allir velkomnir Séra Þorgrímur.